

Uppmæling og fornleifaskráning á minjum vegna breytinga á aðalskipulagi í Borgarbyggð



Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Atli Rúnarsson

Nv nr. 15-23

Júní 2023


 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Júní 2023
		Dreifing: <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: 15-23	Verknúmer: 644	
Heiti skýrslu: Uppmæling og fornleifaskráning á minjum vegna breytinga á aðalskipulagi í Borgarbyggð		Blaðsíður: 22
		Upplag: 3
Höfundur: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir		Fjöldi korta: 5
		Gerð skýrslu/verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Borgarbyggð
Útdráttur Uppmæling á minjum og fornleifaskráning vegna breytinga á aðalskipulagi í landi Kárastaða í Borgarbyggð. Svæðið sem fornleifaskráningin fór fram á er staðsett á skipulagssvæði fyrir tillögu á breytingu þjóðveggar 1. Alls voru sjö minjar skráðar innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs vegstæðis.		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning, Uppmæing á minjum, Aðalskipulag, Borgarbyggð		Lykilorð ensk: Archaeological Survey, Borgarbyggð
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Yfirfarið af: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	1
2. SKRÁNINGARSVÆÐI	1
3. AÐFERÐARFRÆÐI	2
3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	2
3.2 SKRÁNING FORNLEIFA	4
4. SAGA KÁRASTAÐA	5
5. FORNLEIFASKRÁ	6
6. NIÐURSTÖÐUR	15
7. HEIMILDASKRÁ	17
1. KORT	18

1. INNGANGUR

Að beiðni Drífu Gústafsdóttur skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða uppmælingu á fjórum áður skráðum minjum í landi Kárastaða vegna breytinga á aðalskipulagi þar sem áætlað er að breyta legu þjóðveggar 1. Við uppmælingu á þessum minjum fannst gerði innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis vegar og var



Mynd 1. Staðsetning svæðis merkt inn á kort með gulri stjörnu. Kort: KSR

það tekið með í þessari skráningu. Þar að auki voru bættar inn skráningar fyrir herminjar sem falla einnig undir fyrirhugaðs vegstæðis.


Svæðið hafði áður verið skráð en sú skráning uppfyllti ekki kröfur minjastofnunar um skráningar og var því farið fram á að minjarnar á því svæði yrðu mældar upp.

Vettvangsvinnan fór fram 22. maí 2023 og fóru fornleifafræðingarnir Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Atli Rúnarsson á vettvang. Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir sá einnig um skýrslu- og kortagerð.

2. SKRÁNINGARSVÆÐI

Skráningarsvæðið er staðsett á milli þjóðveggar 1, sunnan og austan við, og sunnan og vestan við Grímólfsvík. Skráningarsvæðið er allt innan lands Kárastaða. Í *Breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. breyting á þjóðvegi 1 um Borgarnes og stækkun á íbúðarsvæði Í12*¹ eru tillögur um stækkun á íbúðarsvæði ÍB12 sem nemur um 6,3 ha og breytingu á legu þjóðveggar 1. Svæðið sem fornleifaskráningin fór fram á er staðsett á skipulagssvæði fyrir tillögu á breytingu þjóðveggar 1.

¹ Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Breyting á þjóðvegi 1 um Borgarnes og stækkun á íbúðarsvæði Í12. 2023.



Mynd 2. Til vinstri: Gildandi Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 og tengingar við aðliggjandi svæði. Til hægri: Fimm tillögur um mögulegar útfærslur á legu Þjóðvegur nr. 1 Tillaga 3 er skv. gildandi Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Fyrir liggur fornleifaskráning á svæðinu sem gerð var af Fornleifastofnun Íslands ses. árið 2009³ en sú skráning uppfyllir ekki nýrri staðla Minjastofnunar Íslands og þarf því að mæla upp minjar sem eru á skipulagsvæðinu.

3. AÐFERÐARFRÆÐI

Aðferðarfræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á uppmælingu á áður skráðum minjum sem komu fram í skýrslunni *Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð*⁴ en að auki voru áður óskráðar minjar fornleifaskráðar. Notast var við lýsingar fyrri skýrslu fyrir þær minjar sem höfðu verið áður skráðar. Farið var yfir helstu heimildir um jörðina, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur, fornbréfasöfn og annað sem getur gefið upplýsingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar.

3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

² Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Breyting á Þjóðvegi 1 um Borgarnes og stækkun á íbúðasvæði Í12. 2023.

³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009.

⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, sknúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornmínjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðmínjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3034 og þar á eftir eru hlaupandanúmeri rannsóknarinnar, dæmi: 3034-001. Skráning fyrir minjum [3034-001 – 3034-006] er tekin beint úr skráningu Fornleifastofnunar Íslands sem kom fram í skýrslunni *Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð*.⁵

⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009.

4. SAGA KÁRASTAÐA

Jörðin Kárastaðir eru í Borgarbyggð þar sem jörðin Hamar er vestan við og Borg austan við jörðina. Í jarðabók Árna og Páls er dýrleiki jarðarinnar 15 hundruð og eru Kárastaðir gamalt býli í heimalandinu sem er talinn vera fjórðungur jarðarinnar.⁶

Þegar jarðatal Johnsen var gert 1847 voru Kárastaðir í bændaeign, dýrleikinn var 15, landskuldin var 0,100, kúgildin voru 2 ½ og ábúendurnir voru einn leigjandi. Þar kemur fram í neðanmálgrein að í Jarðabók Árna og Páls telur Kárastaði sem hjáleigu frá Borg.⁷

Á árunum 1893-1909 voru Kárastaðir nýttir frá Borg að öllu eða einhverju leyti og voru þar húsfolk eða bændur. Frá árunum 1909-1926 lá jörðin undir Suðurríki en fólk bjó í húsunum á Kárastöðum.⁸ Í Byggðum Borgarfjarðar segir: „Borgarnes var hluti Borgarhrepps þar til 1913, þegar hreppnum var skipt og Borgarnes var sjálfstætt hreppsfélag. Þá var landrými Borgarnes ákveðið, viss hluti úr landi Borgar, sem takmarkaðist af Grímólfskeldu að ofan og Engjaáasi að vestan. Innan þessa lands voru Kárastaðir, sem þá fylgdu Borg, en voru nýttir frá Suðurríki, afbýli Borgar. [...] Land Kárastaða var ekki ýkja stórt. Meginhluti þess er mýrar og flóar, sem mela-og klapparholt skipta í misjafnlega breið sund.“⁹

⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1982, bls. 371.

⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 129

⁸ Byggðir Borgarfjarðar III, bls. 333, 344

⁹ Byggðir Borgarfjarðar III, bls. 344

5. FORNLEIFASKRÁ

Númer: 3034-001

Eldra númer: MH-110:058

Hlutverk: Niðurgröftur

Tegund: Mógafir

Hnit ISN93: A: 361266, N: 454286

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Í hættu

Hættuorsök: Framkvæmdir/ Vegagerð

Staðhættir:

„Tæplega 100 m ofan (austan) við Þjóðveg 1 til móts við Loftorku og 100 m norðan við Húsasmiðjuna eru mógafir. Þær eru í þýfðu túni sem hefur verið ræst fram. Lítil holt eru víða í túninu.“¹⁰

Minjalýsing:

„Mógafirnar sjást skýrt á loftmynd en erfiðara er að greina þær á jörðu niðri. Innan þeirra virðist gróðurinn þó vera meiri sina og mýrlendisgróður er það meira áberandi. Þær virðast skiptast í þrjú svæði. A er syðst og er um 40 x 90 m að stærð. B er 75 m norðvestan við A og er 100 x 50 m að stærð og liggur nánast samsíða Þjóðvegi 1, um 20 m austan við hann. C er stærsta svæðið og liggur fast norðan við B. Er það um 180 x 80 m að stærð en A er einna skýrast.“¹¹



Mynd 3. Útlínur mógrafa [3034-001-A, B og C] mældar inn á kort. Kort: KSR.

¹⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009, bls. 148.


¹¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009, bls. 148.

Númer: 3034-002**Eldra númer:** MH-110:101**Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Tóft, garðlag**Hnit ISN93:** A:361496, N: 454205**Lengd:** tóft-6 m, garðlag-10 m**Breidd:** tóft- 4 m, garðlag**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Í hættu**Hættuorsök:** Framkvæmdir/ Vegagerð**Staðhættir:**

„Um 340 m til N við bragga [MH-110:016A] og 40 m vestur af vörðu 107 [3034-003] er tóft. Er hún byggð utan í sunnanverðan hálsinn sem varðan stendur á. Þýft tún er sunnan við tóftina sem áður var mýri en norðan við hana er gróinn háls.“¹²

Minjalýsing:

„Tóftin er 6 x 4 m að stærð og snýr í norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru 1,5 m að breidd og hæstir um 0,8 m. Að innanverðu eru þeir þó aðeins um 0,4 m háir því gólflötur tóftarinnar stendur nokkuð hærra en landslagið í kring. Norðausturgafli tóftarinnar er byggður inn í hálsinn sem er nokkuð brattur. Op gæti hafa verið í NV-horni en þar er veggurinn nokkuð lægri en annars staðar. Rétt liggur til norðausturs út frá tóftinni og er því innangengt í hana úr tóftinni. Er hún 10 m löng og 3,5 m breið. Í suðaustri og austri afmarkast hún af garðlagi, 1,5 m breiðu og 0,6 m háu en hálsinum og tóftinni í N og NV. Op er einnig á réttinni í NA-horni hennar. Bæði tóft og garðlag eru torfhláðin og eru veggir grasi grónir en nokkuð fallnir inn á við.“¹³



Mynd 5. Útihús og garðlag [3034-002].
Kort: KSR

¹² Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009, bls. 157.

¹³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009, bls. 157.



Mynd 6. Horft yfir tóftina og garðlagið [3034-002]. Myndin er tekin í suður. Ljósmynd: AR.

Númer: 3034-003

Eldra númer: MH-110:107

Hlutverk: Kennimark/ eyktarmark

Tegund: Varða

Hnit ISN93: A: 361537, N: 454195

Lengd: 0.5 m

Breidd: 0.5 m

Ástand: Vel greinilegar fornleifar

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir/ Vegagerð

Staðhættir:

„Á hálsi um 360 m norðaustur af bragga 016A er varða. Hún er í lægð á hálsinum ofan (suðaustan) við tóft 108. Lynggróinn klettháls. Neðan við hann er þýft tún, sem virðist vera uppþornuð mýri. Varðan er á klöpp.“¹⁴

Minjalýsing:

„Neðst mynda meðalstórir steinar undirstöður fyrir stóran stein sem stendur upp á kant. Er hann um 0,5 m í þvermál og 0,6 m hár. Ekki er víst að varða þessi sé nógu forn til að teljast fornleif í laganna skilningi.“¹⁵



Mynd 7. Varða [3034-003]. Myndin er tekin í austur. Ljósmynd: KSR.

¹⁴ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009, bls. 159.

¹⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009, bls. 159.

Númer: 3034-004**Eldra númer:** MH-110:029**Sérheiti:** Kveldúlfshöfði**Hlutverk:** Legstaður**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 361557, N: 453921 (hnit á Kveldúlfshöfða)**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Ekki vitað**Hættuorsök:** Framkvæmdir/ Vegagerð**Minjalýsing:**

„Í Landnámu segir: "Ok er mjok sóttisk hafit, þá tók Kveld-Úlfr sótt. Hann bað þess, at kistu skyldi gera at líki hans, ef hann dæi, ok bað svá segja Grími syni sínum, at hann tæki skammt þaðan [vantar texta] bústað á Íslandi, er kista hans kæmi á land, ef þess yrði auðit. Eptir þat andaðisk Kveld-Úlfr, ok var skotið fyrir borð kistu hans. [...] fluttusk þeir [Grímr enn háleyski Þórisson og fylgdarlið] upp í árós einn ok leiddu þar upp skipit sem gekk; sú á heitir nú Gufá. Báru þeir þar á land fong sín. En er þeir konnuðu landit, þá hofðu þeir skammt gengit út frá skipinu, áðr þeir fundu kistu Kveld-Úlfs rekna í vík eina; þeir báru hana á þat nes, er þar var, ok hlóðu at grjóti."¹⁶ Í neðanmálgrein við frásögn af dauða Kveld-Úlfs í Egilssögu segir: "Það er ekki fullljóst, hvar höfundur hefur hugsað sér, að kistu Kveld-Úlfs hafi rekið á land. En helzt má ráða það af orðum sögunnar [...], að þeir félagar hafi gengið út með firðinum og fundið kistuna þar, innst í Digranesi sunnan megin [...]. Þar er nú kallaður Kveldúlfshöfði, og skerst lítil vík inn í nesið utan við hann. Hefur þá haugur Kveld-Úlfs líklega verið í Skallagrímsdal, sem síðar var nefndur [...]"¹⁷ Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu segir: "2. Borgarnes (fyrrum „Digranes"). Í því ofanverðu við mynnið á Hamarsvogi („Víkinni") er Kvöldúlfshöfði, klettur sem stendur dálítið suður í fjörðinn. Þar jarðaði Skallagrímur Kvöldúlf föður sinn. [...]"

¹⁶ *Íslensk fornrit. I, bls. 68-70.*

¹⁷ *Íslensk fornrit II, bls. 72.*

Kvöldúlfsleiði hjá Kvöldúlfshöfða er brotið upp af sjó og horfið.¹⁸ Í Íslenskum sögustöðum II segir: "Nokkru innar [en Granastaðir 039], um það bil þar sem nesið hefst, er Kveðldúlfshöfði. Þar er nú ber klettur. Nafnið stafar tvímannaust af því, að Grímur háleyski og menn hans dysjuðu þar kistu Kveldúlfs, er þeir höfðu fundið hana í víkinni þar hjá. Naumast eru nú nokkrar minjar um dysina; er talið að sjórinn hafi brotið mikið af þessum höfða."¹⁹ Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Einnig á haugur Kveld-Úlfs að hafa verið á svipuðum slóðum, og er þar nú kallaður Kveldúlfsvöllur sunnan við Borgarbrautina gegnt skrúðgarðinum, Skallagrímsgarði." Almennt er talið að haugur Kveld-Úlfs hafi staðið á höfða út í Grímólfsvík. Á þessum slóðum eru melar og mýrar í kring en ný íbúðarhverfi eru að rísa fyrir vestan svæðið.²⁰²¹



Mynd 8. Myndin er tekin ofan á Kveldúlfshöfða þar sem hnit var tekið. Ljósmynd: KSR.

¹⁸ *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags*, bls. 102 og 120.

¹⁹ Kristian Kálund.1986, bls. 34.

²⁰ *Byggðir Borgarfjarðar III*. 1989-1993. 329

²¹ Elin Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009, bls. 136-137.

Númer: 3034-005-D**Eldra númer:** MH-110:016_D**Hlutverk:** Herminjar**Tegund:** Mannvirki**Hnit ISN93:** A: 361350, N: 454083.9**Ástand:** Vel greinilegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir/ Vegagerð**Minjalýsing:**

„Litlu norðar eru leifar bygginga. Snúa þær allar í austur-vestur. Grunnur þeirrar syðstu er 14 x 6 m að utanmáli. Hæð veggja er um 0,2 m og er breidd þeirra sú sama. Gróið er yfir alla veggi en innan þeirra sést glögg í mól og steinsteypuleifar. Um 2 m norðar er annar grunnur, jafn stór og eru veggir hans einnig grónir. Norðan við hann hefur löng og mjó bygging staðið. Eru leifar hennar 14 x 2 m að stærð. Líkt og í hinum tveimur eru veggir 0,2 m háir, jafn breiðir og grónir. Um 3 m norðar er fjórði grunnurinn. Hann er 11 x 9 m að utanmáli og hefur álfka veggi og hinar leifarnar. 5 m norðar er veggjarbrot. Er það 5 m langt, 1,5 m breitt og gróið grasi svo erfitt er að átta sig á úr hverju það er byggt. Hæð veggjarins er 0,5 m. Sunnan við hann er sléttur flötur, 3 x 3 m að stærð. Hugsanlegt er að þar hafi staðið mannvirki. Bárujárn og timburdrumbar liggja á víð og dreif í kringum byggingarnar fimm.“²²



Mynd 9. Herminjar [3034-005]. Kort: KSR.

²² Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009, bls. 133.

Númer: 3034-006

Eldra númer: MH-110:016_O

Hlutverk: Herminjar

Tegund: Mannvirki

Hnit ISN93: A: 361373, N: 454174

Ástand: Vel greinilegar fornleifar

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir/ Vegagerð

Minjalýsing:

„100 m norðaustur af B undir klapparholti eru tvö [eru þrjú] malarplön (O). Eru þau ferhyrnd, 12 x 6 m að stærð og snúa í suðvestur-norðaustur. Um 3 m fjarlægð er á milli þeirra. Líklega hafa byggingar staðið á þeim en engin merki um veggi sjást. Austara planið stendur þó örlítið hærra en hið vestara.“²³



Mynd 10. Herminjar [3034-006]. Kort: KSR.

²³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009, bls. 133.

Númer: 3034-007

Hlutverk: Gerði

Tegund: Garðlag

Hnit ISN93: A: 361525, N: 453997

Lengd: 9.2 m

Breidd: 8.6 m

Ástand: Vel greinanlegar fornleifar

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Framkvæmdir/ Vegagerð

Staðhættir:



Mynd 11. Uppmæling á gerði 3034-007. Kort: KSR.

Um 97 m norðan við kveldúlfshöfða og 200 m sunnan við útihús og garðlag [3034-002] var staðsett ferhyrnt gerði. Gerðið var staðsett undir hlíðinni við Kveldúlfshöfða.

Minjalýsing:

Gerðið var um 9,2 m á lengd og 8,6 m á breidd. Ekki sást greinilegt op á hólfið en líklega hefur það verið við suðvestur hornið á gerðinu. Veggir hafa verið um 40 cm á hæð þar sem þeir voru hæstir.



Mynd 12. Útihús og garðlag 3034-00. Ljósmynd: AR.

6. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru sjö minjar skráðar innan skipulagssvæðisins vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda í Borgarbyggð. Allar minjarnar voru vel greinanlegar á yfirborði nema ein, sem var heimild um legstað [3034-004] en ekki var hægt að sjá leifar þess á yfirborði. Þó svo að minjarnar voru ekki staðsettar við vettvangsvinnu er líklegt að undir sverði séu fornleifar sem gætu verið í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Samkvæmt lögum um menningarminjar þarf að skrá fornleifar 100 m beggja vegna út frá fyrirhugaðri miðlínu vegar. Minjarnar innan skipulagssvæðisins sem teljast í hættu vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda eru mógrafir [3034-001], útihús og garðlag [3034-002], legstaður [3034-004], herminjar [3034-005], herminjar [3034-006] og gerði [3034-007]. Minjar sem eru í lítilli hættu er [3034-003].

Mógrafirnar [3034-001] höfðu verið skráðar áður en við þær vantaði uppmælingar. Einungis mógrafir 3034-001-C fellur undir áhrifasvæði vegar en minjar af þessu tagi hafa lítið minjagildi og því ekki farið fram á mótvægisáðgerðir.

Útihús og garðlag [3034-002] hafði einnig verið fornleifaskráðar áður og falla þau undir áhrifasvæði vegar. Við fornleifaskráninguna fundust leifar af gerði [3034-007] sem höfðu ekki verið skráðar áður og falla þessar minjar undir fyrirhugaðs áhrifasvæði vegagerðar. Lagt verður til að þessar minjar verði rannsakaðar með könnunarskurði eða uppgreftri til að kanna eðli, umfang og aldur þessara minja.

Varða [3034-003] hafði einnig verið fornleifaskráð áður, en hún er staðsett rétt utan við áhrifasvæði vegar en höfð með þessari skráningu vegna nálægðar við fyrirhugaðs framkvæmdarsvæði. Lagt verður til að merkja vörðuna.

Innan svæðis eru tvær herminjar [3034-005 og 3034-006] sem eru skráningaskyldar en falla ekki undir 100 ára reglu um fornleifar á Íslandi og teljast því nýminjar. Þessar herminjar höfðu verið skráðar áður en við þær vantaði uppmælingar. Mikilvægt er að skrá og korteggjja þessar minjar þar sem minjar af þessu tagi eru vitnisburður um merkilega viðburði í sögu þjóðarinnar.

Í töflunni hér að neðan er skrá yfir minjar, lýsing á þeim og hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda á þjóðvegi 1. Þar er einnig tekið saman minjar sem eru utan svæðis en vegna nálægðar þeirra við framkvæmdarsvæðið er lagt til að þær verði merktar.

Tafla 1. Tafla yfir skráðar minjar, tegundir þeirra og hlutverk, hættumat og hættuorsök og tillögur að mótvægisáðgerðum.

Númer	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Orsök	Mótvægisáðgerðir
3034-001	Mógrafir	Niðurgröftur	Hætta	Framkvæmdir/Veg agerð	Lítið minjagildi
3034-002	Tóft, Garðlag	Útihús	Hætta	Framkvæmdir/Veg agerð	Könnunarskurður/ uppgröftur
3034-003	Varða	Kennimark/ eyktarmark	Lítill hætta	Framkvæmdir/Veg agerð	Merkja
3034-004	Heimild	Legstaður	Ekki vitað	Framkvæmdir/Veg agerð	Eftirlit
3034-005	Mannvirki	Herminjar	Hætta	Framkvæmdir/Veg agerð	Fellur ekki undir minjalög/ merkja
3034-006	Mannvirki	Herminjar	Hætta	Framkvæmdir/Veg agerð	Fellur ekki undir minjalög
3034-007	Garðlag	Gerði	Hætta	Framkvæmdir/Veg agerð	Könnunarskurður/ uppgröftur

7. HEIMILDASKRÁ

Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Breyting á Þjóðvegi 1 um Borgarnes og stækkun á íbúðasvæði Í12. 2023.

Árni Magnússon & Páll Vídalín (1925 og 1927). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla* (B. IV). Kaupmannahöfn: S. L. Möller.

Byggðir Borgarfjarðar I-III. 1989-1993. Búnaðarsamband Borgarfjarðar. Borgarnes.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. 2009. *Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð. Fornleifastofnun Íslands. FS409-08071.*

Íslensk fornrit. I og II 1933-. Reykjavík.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: S. Trier.

Kristian Kálund. 1986. *Íslenskir sögustaðir. Vestfirðingafjórðungur II.* Reykjavík: Örn og Örlygur

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, ÍB 19 fol.e.,

8. KORT



